

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 404/1991.

Rákir hf.

(Árni Halldórsson hrl.)

gegn

Sjófangi hf.

Grétari Mar Jónssyni og

Tryggingamiðstöðinni hf.

til réttargæslu

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabætur. Siglingar. Fiskeldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1991. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, (1) að stefndu verði gert að bæta tjón hans að fullu, (2) að afföll af seiðum verði ákvörðuð 25% af 17.000, eins og krafist var í stefnu í héraði, en þar hafi afföll, sem nemi 2.500 seiðum, þegar verið dregin frá, (3) að meðalþyngd hvers sláturlax verði ákvörðuð a. m. k. 3 kg í stað 2,4 kg, eins og ákvarðað er í dóminum, og (4) að verðmæti sláturlax verði ákvarðað 320 krónur hvert kg, eins og krafist var í stefnu í héraði, í stað 220 króna. Að öðru leyti verði dómsniðurstaða óbreytt um efni málsins. Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda eða á hendur honum eru engar kröfur gerðar.

Í hinum áfrýjaða dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem sérfróðir meðdómendur áttu sæti, er gerð skilmerkileg grein fyrir atvikum málsins og þeim gögnum, er við sé að styðjast um virðingu á tjóni áfrýjanda. Er rétt, að dómurinn verði staðfestur með skírskotun til þeirra forsendna, er í honum greinir.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rákir hf., greiði stefndu, Sjófangi hf. og Grétari Mar Jónssyni, 100.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Rákum hf., Hafnargötu 2, Reyðarfirði, kt. 620488-1199, gegn Sjófangi hf., Hólmaslóð 2, Reykjavík, kt. 570269-0119, eiganda og útgerðaraðila mb. Sæborgar, RE 20, skráningarnúmer 254, Grétari Mar Jónssyni skipstjóra, Hlíðargötu 22, Sandgerði, kt. 290455-5539, og Tryggingamiðstöðinni hf., Reykjavík, til réttargæslu, með stefnu, þingfestri 6. nóvember 1990.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 9.068.675 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru um sýknu af kröfum stefnanda.

Af hálfu réttargæslustefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., eru engar kröfur gerðar, enda engar kröfur gerðar á hendur honum í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir samkvæmt gögnum máls, að 23. október 1989 um kl. 19.30 var síldarbáturinn Sæborg, RE 20, að leita síldar innarlega í Reyðarfirði á svonefndri Rákarbót. Á því svæði voru u. þ. b. 60–120 metra frá landi sex laxakvíar í eigu stefnanda. Tvær kvíar voru saman sunnar og austar á vikinni og fjórar í samfloti nokkru vestar. Á hinum síðarnefndu, sem voru innar, var birtustýrt blikkljós á miðju þeirra. Ekkert viðvörunarljós var á fyrir utan festingar kvíanna. Þá var að sögn Rúnars Ólafssonar, stöðvarstjóra stefnanda, ratsjárspégill á einni af kvíunum. Skipstjórinn á Sæborgu, stefndi Grétar Mar Jónsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð blikkljós á kvíunum og vitað, að þar væri fiskeldisstöð. Hann kvaðst hafa haldið, að blikkljósið væri á akkerunum, sem eru utan við kvíarnar, og því haldið, að hann mætti fara nær. Hann kvaðst ekki hafa séð kvíarnar í ratsjá. Varð þá ásigling með þeim hætti, að stjóraferi á ystu kvínni festist í fisksjár-

staut bátsins og dróst með honum nokkurn spöl. Urðu afleiðingar þær, að hoppnetið slitnaði niður og karfa þeirrar kvíar snerist þannig, að seiðin, sem í henni voru, sluppu úr henni. Skipstjóri kvaðst hafa tilkynnt um atburð þennan strax til rekstrarstjóra fiskeldisins.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu skaðabóta úr hendi stefndu vegna tjóns þess, er varð við greinda ásiglingu á laxeldiskvíar hans.

II.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir tjóni því, sem af þessu hlaust:

1. Vegna ásiglingarinnar hafi sloppið út 17000 laxaseiði, um 90 gr að þyngd, þá farin að taka fóður.
2. Kvíin sjálf hafi orðið fyrir þeim skemmdum, að hoppnetið hafi slitnað niður og yfirborðshringur og handrið skemmst.
3. Kvíin ásamt festarklumpi (stjóra) dregin úr stað.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir bótakröfu sinni:

1. Tjón af missi eldisseiða:
 - 1.1. Andvirði seiðanna við slátrun eftir eldi í 3,5 kg stærð að frádregnum 25% afföllum á eldistímanum:
 $17.000 \times 3,5 \text{ kg} - 25\% = 44.625 \text{ kg}$ á 320,30 kg, sbr. verðmætaskrá frá Samsteypu íslenskra fiskeldistrygginga (meðalverð 4.0601 SDR á gengi ísl. kr. á stefnu-degi 15. okt. 1990 79.0752) kr. 14.326.000
 - 1.2. Til frádráttar:
 Kostnaðarverð 17.000 laxaseiða á 90 kr. stk.
 $= 1.530.000,-$
 Fóðurkostnaður í hlutfallinu 1,5 kg fóður á móti hverju kg af fiski, $44.625 \text{ kg} \times 1,5 = 66.937 \text{ kg}$ á 62,00 kr./kg = 4.150.125 kr. 5.680.125
2. Skemmdir á plaströrum í umgerð kvíar, handriði og hoppnetum. Tjón skv. mati Ólafs Sigurðssonar verkfræðings í nóv. 1989 kr. 100.000
3. Kostnaður við að stjóra kvíar niður að nýju eftir ásiglinguna:
 - 3.1. Leiga á 80 tonna bát í 1 dag kr. 180.000
 - 3.2. Vinna 4ra manna í 10 klst. – 48.000
 - 3.3. Tvö ný krafttóg í stjóra í stað teygðra, 110 m af 38 mm tógi – 34.800
 - 3.4. Neðansjávarmyndataka að kröfu tryggingafélags stöðvarinnar – 60.000

Stefnukrafa alls kr. 9.068.675

Til frekari skýringar stefnukröfunni er tekið fram af hálfu stefnanda, að meðalverð í SDR sé þannig fundið, að lagt sé til grundvallar tryggingarverð fiskisins skv. verðmætaskrá samsteypu tryggingafélaganna og reiknað með því, að fiskurinn skiptist að jöfnu í 3ja og 4ra kg flokk við slátrun. Í SDR-einingum sé verðmætið $3.8836 + 4.2366/2 = 4.0601$. Frá því verði sé dregið kostnaðarverð 17.000 laxaseiða á 90 kr. stk. og fóðurkostnaður við að ala fiskinn í sláturstærð í hlutfallinu 1,5 kg fóður á móti hverju kg af fiski, sem sé viðurkennd viðmiðun í fiskeldi. Tjón á kvíum sé samkvæmt fram lögðu mati Ólafs Sigurðssonar verkfræðings. Áætlaður kostnaður við að koma kvínni aftur á sinn stað eftir viðgerð sé sundurliðaður í tl. 3, en þar sé um kostnaðaráætlun að ræða, en lagður sé fram reikningur vegna kostnaðar við djúpmyndatöku.

Stefnandi telur, að stefndu beri fulla skaðabótaábyrgð á því tjóni, er hlaust af því, er Sæborgu, RE 20, var siglt á laxakvíar stefnanda í Rákarbót í Reyðarfirði tiltekið sinn, enda hafi siglingu skipsins verið hagað ákaflega gáleysislega, ekki síst í ljósi þess, að skipstjóri vissi af kvíunum og almyrkt var orðið, er atvikið varð.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar, til siglingalaga og þá sérstaklega til 158. gr., 2. mgr. 16. gr. og 3. tl. 197. gr. svo og IX. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

III.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að merking umræddra sjókvía hafi verið ófullnægjandi. Það sé kunnara en frá þurfi að segja, að á haustmánuðum veiðist síld uppi í harðalandi við Austfirði og því ljóst, að skip, sem stunda síldveiðar, sigli mjög nærri landi við veiðar sínar. Forráðamenn stefnanda hafi því átt að vita, að síldveiðibátar kynnu að vera á ferð við kvíarnar vegna veiða sinna og borið að haga merkingum þeirra samkvæmt því. Einfalt hefði verið að hafa ljósmerki við jaðar kvíanna, og hefði þá tjón þetta ekki orðið. Kvíarnar hafi ekki verið merktar inn á sjókort og því meiri ástæða en ella til að hafa merkingar í lagi. Á þetta hafi skort af hálfu forráðamanna stefnanda, og því sé krafist sýknu.

Fari hins vegar svo, að á þetta verði ekki fallist og krafa stefnanda tekin til greina, er þess krafist, að stefnukrafa verið stórlega lækkuð. Tjónkrafa vegna missis eldisseiða eigi ekki við rök að styðjast og því mótmælt með öllu, að það standist að reikna tjónið út á þann veg, sem stefnandi gerir. Rétt sé að benda á, að fram komi í gögnum málsins, hvert sé kostnaðarverð þeirra seiða, sem talið sé, að hafi sloppið, og nemi það kr. 1.530.000, og sé það mat stefndu, að fráleitt sé að greiða hærri bætur en því nemi, enda al-

gjörlega ósannað, að umfang tjónsins hafi verið meira, ef um bótaskyldu sé á annað borð talið hafa verið að ræða.

IV.

Að sögn skipstjórans á Sæborgu, RE 20, stefnda Grétars Marar Jónssonar, var myrkur og ágætt skyggni, þegar atburðurinn varð. Hann kvaðst hafa séð blikkljósið á laxakvíum stefnanda og vitað, að þar var fiskeldisstöð. Verður því að telja, að hann hafi sýnt af sér verulegt gáleysi með siglingu sinni svo nærri kvíunum og eigi meginsök á óhappinu. Er hann því bótaskyldur gagnvart stefnanda ásamt eiganda og útgerðaraðila mb. Sæborgar, RE 20, stefnda Sjófangi hf. samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, sbr. og 158. gr. og 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Þá verður að telja, að stefnandi eigi sjálfur nokkra sök á tjóni sínu með því að hafa engin viðvörðunarljós fyrir utan eða í útjaðri kvíanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að 2/3 hlutum, en sjálfur beri hann það að 1/3 hluta.

Liggur þá fyrir að fjalla um tölulega kröfugerð stefnanda.

Fallist er á með stefnanda, að honum beri bætur vegna tjóns af missi eldisseiða, en bótakrafa hans samkvæmt kröfulið 1.1. stenst þó engan veginn. Samkvæmt fram lagðri mánaðarskráningu yfir seiðaeldi stefnanda var meðalþyngd seiða 1210 gr í janúar 1991. Með hliðsjón af því telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að ekki sé raunhæft að miða við meira en 2,4 kg stærð eldisfisks í ágúst 1991, þegar slátra verði vegna væntanlegs kynþroska fisksins. Þá telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að með hliðsjón af greindri mánaðarskráningu yfir seiðaeldi stefnanda megi ætla, að heildarafföll á eldistíma verði ekki undir 35%. Þá sýnir greind mánaðarskráning, að í október 1989 hefur seiðum fækkað alls um 15310 stk., og verður við það miðað við áætlun á tjóni stefnanda. Þá þykir ekki unnt að miða kg-verð eldisfisks við tryggingarverðmæti, eins og stefnandi gerir. Eftir atvikum þykir rétt að taka þar mið af fob-verði samkvæmt fram lagðri töflu um gámaflutning á laxi til Frakklands og miða kg-verð við 220 kr. kg.

Samkvæmt framansögðu verður heildartjón stefnanda samkvæmt kröfulið 1.1. þannig: $15310 \times 2,4 \text{ kg} - 35\% = 23884 \text{ kg}$ á 220 kr. kg = 5.254.480 kr.

Samkvæmt kröfulið 1.2. ber að draga frá kostnaðarverð 15310 laxaseiða á 90 kr. stk. = 1.377.900 kr., svo og fóðurkostnað í hlutfallinu 1,5 kg fóður á móti hverju kg af fiski, $23884 \text{ kg} \times 1,5 = 35826 \text{ kg}$ á 70 kr. kg, sem ætla verður meðalverð á fóðri á þessu tímabili í eldi frá seiðum upp í matfisk, þannig einnig til frádráttar 2.507.820 kr. Samkvæmt framansögðu telst heildartjón stefnanda vegna missis eldisseiða vera $1.368.760 \text{ kr.} - (5.254.480 - 3.885.720)$. Kröfuliðum 2 og 3 hefur ekki verið hrundið, og verða þeir teknir til greina

með 422.800 kr. Heildartjón stefnanda samkvæmt framansögðu telst því vera 1.791.560 kr., og miðað við framangreinda sakarskiptingu ber stefndu að bæta stefnanda það að 2/3 hlutum með 1.194.373 kr. og með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 260.000 kr. Málskostnaðarfjárhæð skal bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Með vísan til 3. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ber að viðurkenna sjóðveðsrétt í mb. Sæborgu, RE 20, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Aðalbirni Kjartanssyni framkvst. og Úlfari Antonssyni líffræðingi.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna formanns dómsins.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sjófang hf. og Grétar Mar Jónsson, greiði stefnanda, Rákum hf., 1.194.373 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. desember 1990 til greiðsludags og 260.000 kr. í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur í mb. Sæborgu, RE 20, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
